

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021****EÐLI3RS05**

Kennari	Ásgeir Pétursson, asgeir.petursson@fss.is
Viðtalstími	Miðvikudagur kl 13:00 -13:40
Kennslugögn	Kennslubók: „Eðlisfræði 3RS“
Efnispættir	Rafmagn og segulmagn

Ástundunaráætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst	60 klst
Heimavinna	15 vikur x 1,5 klst	22,5 klst
Undirbúningur f. lotupróf	5 x 2,4 klst	12 klst
Undirbúningur f. lokapróf	24 klst	24 klst
Lokapróf	1,5 klst	1,5 klst
Alls		120 klst = 5 feín*

Athugið: illmögulegt er að meta hvert vinnuframlag tiltekins nemanda muni vera í áfanganum. Varast ætti eindregið að miða við ofangreindar tölur þegar nemandi skipuleggur vinnu sína. Þær eru gefnar án allrar ábyrgðar.

Þekking, hæfni, leikni	
Sjá áfangalýsingu .	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfangann þarf að fá meðaleinkunn 4,5 eða hærri úr námsþáttum sem koma til mats. Kaflapróf verða sex á önninni. Þau fimm sem gefa hæstu einkunnir hjá hverjum nemanda koma til mats, hið sjötta sem var með lægstu einkunn kemur ekki til mats. Nemandi getur unnið sér inn rétt og frjálst val um að sleppa því að taka lokapróf og láta aðra námsþætti gilda til lokaeinkunnar. <u>Til þess þarf nemandinn að hafa fengið einkunn 7,5 eða hærri á fjórum kaflaprófum, og einkunn 6,0 eða hærri á tveim kaflaprófum.</u> Skila ber einni skýrslu úr verklegri æfingu skv. frekari fyrirmælum kennara. Nemandi hefur frjálst val um að skila annarri skýrslu eða fleirum skv. frekari fyrirmælum kennara. Eingöngu sú skýrsla sem hlaut hæsta einkunn hjá hverjum nemanda kemur til mats.
--------------------------------------	--

Heiti	Vægi
Kaflapróf	35%
Skýrsla úr verklegri æfingu	15%
Lokapróf	50%

Reglur áfanga	Stranglega er bannað að tala í, senda skeyti, skoða móttækin skilaboð, fletta upp, hlusta á tónlist eða á nokkurn annan hátt nota farsíma eða önnur snjalltæki í kennslustund, hafa þau uppi á borði, í höndunum eða á annan hátt sýnileg. Brot á þessum reglum varðar hörð og tafarlaus viðurlög. Kennari getur þó gefið leyfi um frávík frá ofangreindum reglum. Engin sjúkrapróf standa til boða vegna forfalla nemenda frá kaflaprófum af neinum ástæðum, með einni undantekningu: Nemandi sem hefur löglega forfallast aðeins einu sinni á kaflaprófi hefur rétt á töku þess prófs í lok annar eftir frekari ákvörðun kennara EF viðkomandi nemandi á með því möguleika á að uppfylla skilyrði um að fá rétt til að sleppa við lokapróf, sjá ofar. Ljúka þarf öllum verklegum æfingum sem lagðar eru fyrir á önninni og skila skýrslu með einkunn a.m.k. 4,5. Ef nemandi hefur ekki staðið skil á þessu þegar önnin er úti þýðir það <u>fall í áfanganum</u>. Kennari getur gefið leyfi fyrir minniháttar frávikum frá þessari reglu ef ástæður eru ríkar, svo sem slys, erfið veikindi o.þ.h.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Til árangurs er afar mikilvægt að nýta tímann í kennslustundum vel, og viðhafa góða mætingu.
--	---

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur.	Kaflar í kennslubók	Skil á verkefnum.
1. vika 6. - 8. janúar	1.1, 1.2	
2. vika 11. - 15. janúar	1.3, 1.4	
3. vika 18. - 22. janúar	1.5, 1.6	1. kaflapróf
4. vika 25. - 29. janúar	2.1, 2.2, 2.3	2. kaflapróf
5. vika 1. - 5. febrúar	3.1, 3.2, 3.3	
6. vika 8. - 12. febrúar	3.4, 3.5	3. kaflapróf
7. vika 15. - 19. febrúar	4.1, 4.2	
8. vika 22. - 26. febrúar	4.2, 4.3	
9. vika 1. - 5. mars	4.3, 4.4	4. kaflapróf
10. vika 8. - 12. mars	Verklegt	
11. vika 15. - 19. mars	5.1, 5.2	
12. vika 22. - 26. mars Páskafri	5.2, 5.4	5. kaflapróf
13. vika 6. - 9. apríl	6.1, 6.2	
14. vika 12. - 16. apríl	6.2, 6.3	
15. vika 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	6.4, 6.5	6. kaflapróf
16. vika 26. - 30. apríl	Upprifjun	
17. vika 3. - 6. maí	Upprifjun	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ásgeir